

**Viðmiðunarreglur kjararáðs
um greiðslur fyrir aukastörf**

Kjararáð starfar samkvæmt lögum nr. 47/2006. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laganna úrskurðar ráðið hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Kjararáð metur það hverju sinni og við það mat styðst ráðið við eftirfarandi viðmiðunarreglur.

1. Embættismanni er ekki greitt sérstaklega fyrir setu á stjórnarfundum þeirrar stofnunar sem hann er í forsvari fyrir.
2. Embættismanni er ekki greitt sérstaklega fyrir setu í nefnd sem hann situr í lögum samkvæmt.
3. Tengist verkefni nefndar eða starfshóps sem embættismaður situr í þeirri stofnun eða ráðuneyti sem hann starfar við er að jafnaði ekki greitt sérstaklega fyrir setu í þeirri nefnd. Kjararáð metur hverju sinni hvort í undantekningartilvikum skuli greitt sérstaklega fyrir setu í slíkri nefnd.
4. Kjararáð ákveður hvort og þá hvernig greitt skuli fyrir yfirvinnu. Að jafnaði er ekki greitt fyrir yfirvinnu umfram þá föstu yfirvinnu sem ráðið úrskurðar. Í undantekningartilvikum getur kjararáð þó ákveðið auknar yfirvinnugreiðslur, ef um sérstök tilfallandi störf, eða tímabundið álag er að ræða, enda sé það rökstutt af viðkomandi ráðuneyti eða yfirmanni eftir því sem við á.
5. Reglur þessar gilda einnig um aðra sem heyra undir kjararáð, eftir því sem við getur átt.

Reykjavík, 30. maí 2007

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir